



Styrkir

Reykjavíkurborgar

Nú stendur yfir gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár. Reykjavíkurborg auglýsir eftir umsókn um styrki vegna starfsemi á árinu 2012. Meðal markmiða styrkveitinga er að styrkja og efna til samstarfs við félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga um uppbyggilega starfsemi og þjónustu í samræmi við stefnumörkun, áherslur og forgangsroðun borgaryfirvalda. Styrkir eru m.a. veittir til verkefna á sviði eftirtalinna málaflokka:

- **félags- og velferðarmála**
- **mennta- og frístundamála- grunnskólar/leikskólar/frístundamiðstöðvar**
- **íþróttá- og æskulýðsmála**
- **mannréttindamála**
- **menningarmála**

Á vefsíðunni www.reykjavik.is/styrkir er hægt að sækja um og finna leiðbeiningar um umsóknarferli. Einnig er þar að finna reglur um styrkveitingar og nánari upplýsingar um áherslur borgarinnar í einstökum málaflokkum.

Umsóknarfrestur er til 1. október nk. og eru einungis teknar til greina umsóknir sem berast innan tilskilins frests og uppfylla þær kröfur sem reglur Reykjavíkurborgar kveða á um. Við mat á umsóknum munu reglur Reykjavíkurborgar um styrki og mannréttindastefna Reykjavíkurborgar vera höfð til hliðsjónar. Viðburðir eða verkefni eru ekki styrkt eftir á. Þá eru styrkir alla jafna hvorki veittir til kaupa á húsnæði né til greiðslu fasteignagjalda. Umsóknir verða metnar með hliðsjón af eftirfarandi:

- **markmiðum sem lýst er og hvort líklegt sé að þeim verði náð**
- **hvort verk- og tímaáætlun sé raunhæf**
- **hvort unnt sé að meta framvindu verksins**
- **hvort skilagreinar og fyrri verkefni sem styrk hafa hlotið uppfylli lágmarkskröfur**
- **væntanlegum árangri og ávinningi fyrir umrædda starfsemi**
- **fjárhagsáætlun og greinargerð um aðra fjármögnun sem einnig skal fylgja umsókn**

Styrkumsókn felur í sér að umsækjendur undirgangast ákvæði reglna Reykjavíkurborgar um styrki. Gert er ráð fyrir að úthlutun nefnda og ráða verði lokið í ársbyrjun 2012.

Fyrirspurnir og óskir um nánari upplýsingar má senda á netfangið styrkir@reykjavik.is

www.reykjavik.is/styrkir

